

38 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjónanna Carl Höepfners og konu hans, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland 29. janúar 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Styrktarsjóð hjónanna Carl Höepfners og konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Styrktarsjóður hjónanna C. J. Höepfners og konu hans«.

Sjóður þessi er stofnaður með 10,000 krónum, sem höfuðstól, af ekkjufrú Anna Höepfner, í minningu um látinn mann hennar, íslenzkan kaupmann C. J. Höepfner.

2. gr.

$\frac{1}{10}$ hluti vaxtanna skal árlega leggjast við höfuðstólinn, en $\frac{9}{10}$ þeirra skal verja til styrktar fátækum sjúklingum í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað, ásamt Svalbarðs- Grýtubakka- og Hálshreppum í Þingeyjarsýslu, til borgunar sjúkrahúsvistar og lækninga á sjúkrahúsinu á Akureyri.

3. gr.

Bæjarstjórnin skal hafa stjórn sjóðsins á hendi, og greiða sjúkrahússtjórninni þann hluta hinna árlegu vaxta, sem ákveðinn er til úthlutunar, og sem síðan útbýtir honum, samkvæmt því sem sagt er í 2. grein.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ætíð standa óskertur, og verðbrjef hans, sem nú stendur eru Obligationer af Grundeiere i de Danske Ostifter, skulu vera útbúin með áritun landshöfðingja, er fyrirbyggi að þau verði seld. Eptir því sem skulda-brjef þau, sem sjóðurinn nú er fólgin í, verða dregin til útborgunar, skulu samskonar skuldabryjef keypt í þeirra stað, eða önnur, sem gefa jafn góða tryggingu, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru fyrir meðferð á ómyndugra fje í Danmörku

5. gr.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður og úrskurdaður um leið og bæjar-sjóðsreikningurinn, og eptirrit af honum, ásamt skilagrein fyrir hag og störfum sjóðsins, skal árlega sent landshöfðingja.

Lónshult, 26. júlí 1902.

Anna Höepfner.